

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um vegi og slóða á miðhálandi Íslands.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Er rétt að kortlagningu vega og slóða miðhálandisins sé lokið, eins og fram kemur í nýlegu svari ráðherra í þingskjali 653? Ef svo er ekki, hvenær er áætlað að þeirri vinnu ljúki?
2. Er áætlað að hafa samráð við ferða- og útivistarhópa og -samtök, svo sem Ferðafélag Íslands, Útivist, Ferðaklúbbinn 4x4, mótörhjólasamtök og samtök hestamanna, áður en lagðar verða fram tillögur um hvaða vegum og slóðum á hálandinu skuli halda opnum? Ef svo er, með hvaða hætti yrði slíkt samráð og hvenær hæfist það?
3. Hvenær er áætlað að taka ákvörðun um hvaða slóðum og vegum á miðhálandinu eigi almennt að halda opnum fyrir ferða- og útivistarhópa og -samtök?

Skriflegt svar óskast.